

Djúpavogshreppur
Páll Jakob Líndal
Bakka 1
765 Djúpivogur

Reykjavík, 28. apríl 2020
Tilvísun: 202004052 / 3.2

Efni: Tillaga að breytingu á aðalskipulagi vegna ljósleiðara frá Stekkjarháleigu að sveitarfélagamörkum í suðri.

Djúpavogshreppur hefur, með erindi dags. 14. apríl 2020, sent Skipulagsstofnun til athugunar tillögu að breytingu á aðalskipulagi samkvæmt 3. mgr. 30. gr. skipulagslaga sem samþykkt var í sveitarstjórn 12. mars 2020.

Skipulagstillagan er sett fram á uppdrætti í mkv. 1:50.000 og í greinargerð dags. 9. mars, br. 8. apríl 2020.

Í breytingunni felst að ljósleiðari sem ráðgert var að lægi í sjó yfir Hamarsfjörð og Álftafjörð mun í staðinn fylgja byggð og hringvegi að mestu leyti milli Stekkjarháleigu og sveitarfélagamarka í suðri.

Skipulagsstofnun hefur farið yfir framlögð gögn og gerir ekki athugasemd við að skipulagstillagan verði auglýst skv. 31. gr. skipulagslaga.


Málfríður K Kristiansen